

Heilbrigðisráðherra  
Willum Þór Þórsson  
hrn@hrn.is

Reykjavík, 25. apríl 2023

**Efni:** Umsögn Félags almennra lækna um drög í samráðsgátt stjórnvalda að reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi.

Þann 2. apríl sl. birtust í samráðsgátt stjórnvalda drög að nýrri reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi. Félagi almennra lækna er kunnugt að mikil vinna liggur að baki nýrrar reglugerðar um menntun lækna. Með henni er sérnám á Íslandi fest betur í sessi, fagleg umgjörð þess er skýrð, auk þess sem hlutverk ráða og nefnda er betur skilgreint. FAL hefur beðið eftir og fagnar nýrri reglugerð en gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar í drögum:

**7. gr.** Ábyrgð og umsjón með sérnámi

*“Fulltrúa sérnámslækna skal tryggð áheyrn í kennsluráði í samráði við kennslustjóra. Heimilt er að skipa varamenn.”*

FAL bendir á að æskilegt sé að skilgreina hvernig sá áheyrnarfulltrúi er valinn eða skipaður.

**8. gr.** Sérnámsgrunnur

*“Heimilt er að veita undanþágu frá kröfu um 100% starfshlutfall og veita heimildir til töku sérnámsgrunnis í hlutastarfi, þó að lágmarki 50% starfi, enda lengist námstími hvers hluta sérnámsgrunnisins sem því nemur.”*

FAL fagnar því að möguleiki á minna starfshlutfalli en 100% sé skilgreint sem möguleiki, enda er vinna læknis í sérnámsgrunni að jafnaði meiri en 40 klst á vikur með vöktum og takmörkuðum möguleikum á að taka út áunnin vaktafrí.

**10.gr.** Sérfræðileyfi

*“Heildarnámstími skal að jafnaði ekki vera lengri en níu ár að meðtöldum sérnámsgrunni.”*

FAL vill benda á að mikilvægt að hér sé átt við “virkan námstíma”. Nauðsynlegt að svigrúm sé til fæðingarorlofs, foreldraorlofs, veikindaleyfis og ekki síst námsleyfis, jafnvel til lengri tíma (diplómanám, mastersnám eða doktorsnám).

**11.gr.** Sérnám í læknisfræði

*“Framvindumatsnefnd skal taka ákvörðun um hvort lengja skuli sérnámi ef fjarvera af öðrum ástæðum er umfram 14 vinnudaga á námsári.”*

FAL gerir alvarlegar athugasemdir við þessa málsgrein. Fjarvera umfram 14 daga á námsári, af öðrum ástæðum en orlof og áunnið vaktafrí, er talsvert minna en veikindaréttur á almennum vinnumarkaði og sætir það furðu. Sérnámslæknar vinna að jafnaði meira en 40 kukkustundir á viku með vöktum og ljóst er að vinnuálag og vinnuskylda í sérnámi er mikil. Það er hvergi ljóst hvaðan viðmið um téða 14 vinnudaga á ári eru fengin.

Læknar í sérnámi eru í meirihluta fólk á barneignaraldri og það verður að vera hægt að gera ráð fyrir einhverri fjarveru vegna veikinda barna án þess að það komi niður á sérnámi viðkomandi. Enn fremur verða læknar að hafa möguleika á að nýta sér námsleyfi sem bundin eru í kjarasamningi og það orkar tvímælis að réttindi til að stunda nám geti leitt til þess að sérnám lengist.

Eðlilegt er að miða við að minnsta kosti 24 daga á námsári, eða almennan veikindarétt á vinnumarkaði. Einnig er eðlilegt að fari fram mat hvort að viðkomandi uppfylli allar hæfniskröfur til að færast á milli námsára samkvæmt marklýsingu. Við leggjum því tvennt til. Annars vegar að heildarfjöldi daga verði aukinn og að því verði bætt við að ákvörðun framvindumatsnefndar þarf að taka tillit til þeirrar færni sem sérnámslæknirinn hefur öðlast þrátt fyrir fjarveruna.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Félags almennra lækna,

Þórdís Þorkelsdóttir, formaður